

# Þingsályktun

**um kynningarefni um Icesave-samningana fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu.**

---

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að láta Lagastofnun Háskóla Íslands gera hlutlaust og aðgengilegt kynningarefni um Icesave-samningana fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu sem verður haldin 9. apríl 2011 og senda það öllum heimilum í landinu samhliða sérprentun laganna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Kostnaður við kynningu þessa greiðist úr ríkissjóði.

---

*Samþykkt á Alþingi 17. mars 2011.*

